

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 8. maí 2026
Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, Sara McMahon (Landsnefnd UN Women á Íslandi), Kolbrún Baldursdóttir (Flokkur fólksins), Ragnar Schram (SOS Barnaþorpin á Íslandi), Þór Ásgeirsson (GRÓ FTP), Kolbrún Pálsdóttir (Barnaheill), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi).

Bjarni Richter (GRÓ GTP), Sveinn Óskar Sigurðsson (Miðflokkurinn), Dagbjört Hákonardóttir (Samfylkingin), Byndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkurinn) og Birna Þórarinsdóttir (UNICEF) sóttu fundinn á Teams.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, María Erla Marelsdóttir, sendiherra loftslags- og orkumála, Guðrún Þorsteinsdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu og Ósk Sturludóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu.

Nefndarritari: Sara Diljá Sigurðardóttir.

1. Fundur settur (09:03)

Fundargerð frá fundi nefndarinnar 10. apríl 2026 var samþykkt án breytinga.

2. Loftslags- og orkumál í þróunarsamvinnu, fjármögnun loftslagsaðgerða (09:05)

María Erla Marelsdóttir, sendiherra loftslags- og orkumála og Guðrún Þorsteinsdóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu kynntu málefni og stuðning við loftslags- og orkumál í þróunarsamvinnu fyrir nefndinni. Unnið er í samræmi við áherslur sem koma fram í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028, Parísarsamningsins og niðurstöðum ríkjaráðstefna Loftslagssamningsins.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna (SP) um loftslagsbreytingar (UNFCCC), sem samþykktur var árið 1992, er einn af þremur svokölluðum „Río-samningum“ SP (ásamt samningi um líffræðilega fjölbreytni (UNCBD) og aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun (UNCCD)). Haldnar eru árlegar ríkjaráðstefnur Loftslagssamningsins í lok árs (Conference of the Parties - COP), ásamt undirnefndarfundum um mitt ár til undirbúnings ríkjaráðstefnunnar. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið leiðir sendinefnd Íslands á fundum samningsins, en utanríkisráðuneytið tekur þátt. Forsætisráðherra hefur sótt leiðtogafund ráðstefnunnar, og hafa fulltrúar fyrirtækja og félagasamtaka jafnframt tekið þátt í óformlegum hluta hennar. Þróunarsamvinnuskrifstofa tekur þátt í viðræðum, fundum og viðburðum er varða þróunarsamvinnu, s.s. fjármál loftslagsaðgerða, jafnréttismál, orkumál og málefni hafsins. Auk þess þarf að skila miklu magni af tölfraðiupplýsingum til bæði skrifstofu samningsins

(UNFCCC) og til Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) t.a.m. um bein framlög til loftslagsmála og hversu stór hluti annarra verkefna telst sem framlag til loftslagsmála.

Parísarsamningurinn, sem tók við af Kýótó-bókuninni, hefur nú verið í gildi í tíu ár. Samkvæmt samningnum leggja aðildarríki fram eigin landsáætlanir um hvernig draga skuli úr losun gróðurhúsalofttegunda. Gerð og framkvæmd slíkra áætlana í þróunarríkjum krefst verulegs stuðnings og styðja stjórnvöld við verkefni og sjóði á því sviði.

Greint var frá helstu áherslum og niðurstöðum 30. ríkjaráðstefnu Loftslagssamningsins, (COP30), sem haldin var í Brasilíu á seinasta ári. Ríkjaráðstefnan skiptist í samningaviðræður og framkvæmdahluta (e. Action Agenda). Á hinni árlegu ríkjaráðstefnu koma saman fulltrúar allra þeirra sem koma að loftslagsmálum og er mikilvægur vettvangur fyrir samtöl, tengslamyndun, stefnumótun og ákvarðanatöku. Á ráðstefnunum hefur áherslan á framkvæmd loftslagsaðgerða aukist undanfarin ár og skýr markmið um aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem hafa verið sett, en til þess þarf fjármagn.

Fram kom að nauðsynlegt er að styðja bæði við mótvægisáðgerðir og aðlögunaraðgerðir á sviði loftslagsmála í þróunarsamvinnu. Mótvægisáðgerðir snúa að því að minnka losun og finna lausnir á stöðu orkumála en aðlögunaraðgerðir að því að lágmarka mögulegan og raunverulegan skaða ríkja af völdum loftslagsbreytinga, m.a. með stuðningi við innviði. Á síðustu ríkjaráðstefnu var samþykkt að þrefalda það fjármagn sem varið er í aðlögunaraðgerðir fram til ársins 2035 en erfitt er að fá fjármagn inn í verkefni á því sviði. Þá kom fram að í samþykktinni fælust sterk pólitísk skilaboð þar sem þróunarríkin væru að setja fram kröfur um aukin framlög til málaflokksins.

Bent var á mikla skörun á milli loftslags- og orkumála og málefna umhverfis og hafsins í þróunarsamvinnu. Auk þess sem loftslagsmálin tengist fjölmörgum öðrum verkefnum innan þróunarsamvinnu, svo sem í tvíhliða samstarfi. Samkvæmt viðmiðum OECD fóru um 33-34% af framlögum stjórnvalda til þróunarsamvinnu í verkefni sem tengdust loftslagsmálum með beinum eða óbeinum hætti.

Þá kom fram að markmið um fjármögnun loftslagsaðgerða hafi verið hækkað á 28. ríkjaráðstefnunni, (COP 28), og væri nú 1,3 billjónir Bandaríkjadala fram til ársins 2035 og væri þar átt við fjármagn frá opinberum- og einkageira. Jafnframt sé unnið í ríkari mæli með blandaða fjármögnun í loftslagsmálum, þar sem fjármagni frá opinberum og einkaaðilum er slegið saman. Norðurlöndin hafa veitt umtalsverð framlög til loftslagsaðgerða á því sviði, sem skapar grunn fyrir frekari aðgerðir og stuðla þannig að aukinni þátttöku einkageirans með viðbótarfjármagni á vettvangi. Þá var bent á að þróunarríki munu ekki geta staðið við skuldbindingar Parísarsamningsins án utanaðkomandi stuðnings, til dæmis í formi þróunaraðstoðar.

Þá kom fram að ekki sé til íslenskur þróunarbanks eins og á hinum Norðurlöndunum sem veitir þróunarríkjum t.d. lán og því styðji íslensk stjórnvöld við stofnanir og sjóði á sviði loftslags og orkumála, með fjárframlögum og tæknilegum stuðningi í formi ráðgjafalista eða sérfræðiþekkingar, s.s. með Jarðhitaskóla GRÓ. Greint var frá stuðningi við Græna loftslagssjóðinn (e. Green Climate Fund), og þátttöku á vettvangi hans, en íslensk stjórnvöld deila sæti í stjórn með Noregi og Tékklandi. Sjóðurinn sinnir fjölbreyttum verkefnum á sviðum mótvægis- og aðlögunaraðgerða.

Því næst var farið yfir stuðning við Aðlögunarsjóðinn (e. Adaptation fund) og þátttöku á vettvangi hans, en sjóðurinn starfar undir hatti rammasamningsins. Áhersla sjóðsins er á aðlögunaraðgerðir í þeim ríkjum sem eru hvað verst stödd hvað varðar afleiðingar loftslagsbreytinga. Íslensk stjórnvöld eru áheyrnaríki í stjórn og taka þátt í samráði framlagsríkja.

Þá var greint frá starfsemi Norræna þróunarsjóðsins (e. Nordic Development Fund), sem er í eigu allra Norðurlandanna, sem jafnframt eiga fulltrúa í stjórn. Sjóðurinn leggur mikla áherslu á norræn gildi líkt og mannréttindi, jafnrétti og lýðræði. Sjóðurinn leggur áherslu á samstarf við Afríkuríki og sinnir bæði mótvægis- og aðlögunarverkefnum. Hann starfar með öðrum alþjóðasjóðum og stofnunum, ríkjum og einkageiranum. Fram kom að sérstaða sjóðsins er að koma inn í verkefni á fyrstu stigum þeirra og væri hann þess vegna vinsæll samstarfsaðili hjá þróunarrikjum og öðrum alþjóðastofnunum og sjóðum. Íslensk stjórnvöld fjármagna tímabundna stöðu sérfræðings í jafnréttismálum hjá sjóðnum.

Síðan var farið yfir sjóð á vegum Norræna þróunarsjóðsins, EEP Africa (*Energy and Environment Partnership Trust Fund*), sem ætlað er að styðja við nýsköpunarverkefni í Afríku í formi styrkja. Hann starfar með 17 ríkjum í Afríku. Öll Norðurlöndin, utan Svíþjóðar, koma að sjóðnum auk Austurríki og Sviss. Íslensk stjórnvöld eiga fulltrúa í stjórn verkefnisins. Greint var frá tveimur verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt. Annars vegar þróun rafmagnskassa sem knúinn er af sólarafli og hreinsar vatn og hins vegar rafknúinn sendiferðabíll sem hannaður var með áherslu á lágan rekstrarkostnað. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á orkumál og leitast íslensk stjórnvöld nú við að kanna samstarfsmöguleika á sviði jarðhita

Þá var greint frá verkefninu Loftslagsloforð (e. Climate Promise), sem starfar á vettvangi Þróunarstofnunar SP (UNDP) og hefur að markmiði að styðja þróunarríki við að ná þeim markmiðum sem hafa verið sett á grunni Parísarsáttmálans. Þá var greint frá samstarfsvettvangi um landsákvörðuð framlög (e. Nationally Determined Contributions – NDC Partnership). Á meðan Loftslagsloforðið styður beint við þróunarrikin að undirbúa og hrinda í framkvæmd aðgerðum sem snúa að landsákvörðuðum framlögum, sér NDC Partnership um að samhæfa stuðning og fjármögnun aðgerða sem styðja við áætlanir og framkvæmd landsákvörðuðra framlaga. Báðar stofnanir vinna í nánú samráði við stjórnvöld í viðkomandi þróunarrikjum.

Viðbragðssjóður vegna veður- og loftslagsbreytinga (e. Systematic Observation Financing Facility – SOFF), var stofnaður 2022 og er Ísland meðal stofnaðila. Sjóðurinn styður þróunarriki við söfnun áreiðanlegra veðurupplýsinga til vöktunar og veðurspáa. Veðurstofa Íslands ásamt Veðurstofu Noregs tekur þátt í verkefni sem lýtur að stuðningi við veðurathuganir í Malaví.

Þá var greint frá stofnuninni Sjálfbær orka fyrir alla (e. *Sustainable Energy for ALL – SEforALL*) sem hefur að markmiði að ná heimsmarkmiði 7 og útrýma orkufátækt. Stuðningur íslenskra stjórnvalda felst í kjarnaframlögum, stuðningi við jafnréttisverkefni á vegum sjóðsins, verkefni sem lýtur að hreinni eldamennsku og með láni á tímabundnum sérfræðingi sem starfar hjá stofnuninni. Ísland á fulltrúa í stjórn SEforALL.

Að lokum var farið yfir samstarf við Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orku (e. *International Renewable Energy Agency - IRENA*), sem felst í kjarnaframlögum kostun á tímabundinni stöðu jarðhitasérfræðings hjá stofnuninni. IRENA vinnur að því að hraða orkuskiptunum með stefnumótun, tæknilegri ráðgjöf, greiningum og samhæfingu.

Ísland hefur lýst yfir áhuga á þátttöku í stjórn IRENA árin 2027-2028.

3. Umræður (09:55)

Í umræðum eftir kynninguna var m.a. spurt um framlög til SOFF, sem var svarað á þá leið að gert væri ráð fyrir 50 m.kr. á rekstraráætlun til verkefnisins, sem rynni til kjarnastarfsemi SOFF sem og til verkefnisins í Malaví. Kom fram að heilt yfir væri erfitt að fjármagna veðurathuganir og að á meðan fleiri stofnanir beindu sjónum að veðurathugunum, þá aðallega í einstökum ríkjum, sinnti SOFF verkefnum í fleiri ríkjum og hefði að markmiði að tengja gögn sem aflað er um allan heim og þannig bæta veðurathuganir heilt yfir. Kom fram að það hafi dregið úr framlögum til loftslagsmála m.a. þar sem Bandaríkin hafa dregið sig út úr fjölda verkefna. Þess ber þó að geta að þó að staðan hafi breyst hjá bandarískum stjórnvöldum varðandi lofslagsmál leggja sum ríki enn ríka áherslu málaflökkinn. Varðandi niðurskurð á framlögum til SOFF hefur stofnunin brugðist við með því að undirbúa útgáfu á SOFF skuldabréfum.

Þá var spurt úti í eftirlit með framlögum til loftslagsmála. Framlög til loftslagsmála eru hluti af framlögum til þróunarsamvinnu og sama verklag gildir um eftirlit með þessum framlögum eins og með öðrum framlögum á sviði þróunarsamvinnu hvort sem um er að ræða fjölþjóða eða tvíhliða. Öll verkefni og framlög Íslands á sviði þróunarsamvinnu eru rýnd með markvissum hætti áður en til framkvæmda eða fjárframlaga kemur. Í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu er að mestu stuðst við alþjóðlegt eftirlit og úttektir á árangri alþjóðastofnana sem eru aðgengilegar á vefsíðum stofnananna. Fram kom ábending um að styrkja þátttöku barna og ungmenna á sviði loftslagsmála þar sem mörg ungmenni brenni fyrir loftslagsmálum. Var þeirri ábendingu vel tekið og verður leitast við að efla þátttöku barna og ungmenna í málsvaustarfi tengdu ríkjaráðstefnum, en áréttað að umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið fer með fyrirsvar vegna undirbúnings COP. Loks kom fram að ungmennafulltrúi tekur þátt í ríkjaráðstefnu Loftslagssamningsins í gegnum Landssamband ungmennafélaga.

Þá var spurt hvernig val á samstarfssjóðum færi fram og því velt upp hvort hægt væri að styðja við færri sjóði með hærri fjárhæðum frekar en að dreifa fjármagninu um of. Var því svarað á þá leið að val á tilteknum sjóðum ráðist annars vegar af stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og áherslum ríkisstjórnarinnar og hins vegar af því hvernig samstarf hentar fyrir tiltölulega lítið framlagsríki. Því sé horft til sjóða þar sem íslensk stjórnvöld geta gert sig gildandi og haft áhrif á stefnumótun, sem og þar sem hægt er koma á framfæri íslenskri sérþekkingu s.s. á sviði jarðhita og jafnréttis. Loks var komið inn á hvernig loftslagsmál tengjast málefnum hafsins og umhverfismálum, ekki síst áhrifum sem smáeyrþróunarriki verða fyrir af völdum loftslagsbreytinga.

4. Umhverfismál í þróunarsamvinnu, Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna (UNEA7) og ríkjaráðstefnur Ríó-samninganna (10:15)

Elín R. Sigurðardóttir, skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu, kynnti umhverfismál í þróunarsamvinnu í fjarveru fastafulltrúa gagnvart Umhverfisstofnun SP (UNEP), sem er í leyfi. UNEP er mikilvægasta alþjóðastofnunin á sviði alþjóðlegra umhverfismála, með aðsetur í Naíróbí í Kenía. Ísland, eitt Norðurlandanna, er ekki með sendiráð í Naíróbí og er þátttaka fastafulltrúa því bundin við formlega fundi á vegum stofnunarinnar. Samráð á sér þó stað á vettvangi höfuðborga Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og við fleiri líkt þenkjandi ríki eftir atvikum. UNEP er frekar lítil stofnun en mjög öflug, með stuttar boðleiðir og hentar því vel í samstarfi við íslensk stjórnvöld. Í tengslum við umbætur á stofnanakerfi SP og niðurskurð á framlögum til fjölþjóðlegra stofnana hefur vægi Naíróbí sem miðstöð fyrir stofnanir SP aukist.

Sjöunda umhverfisþing SP (UNEA7) fór fram í byrjun desember 2025 og sóttu bæði fastafulltrúi og skrifstofustjóri ÞSS þingið. Yfirskrift þingsins var „Efling sjálfbærra lausna fyrir viðnámsþolna plánetu“. Fastafulltrúi tók þátt í samningaviðræðum um ályktanir, en skrifstofustjóri fundaði með fulltrúum UNEP og helstu samstarfsaðilum m.a. um málefni hafsins, aðgerðir gegn plastmengun, endurheimt vistkerfa, orkumál (jarðhita), jafnréttismál og um stöðu íslensks ungliða hjá stofnuninni sem er í undirbúningi. Fram kom að undirbúningur fyrir Umhverfisþingið sjálft er í samráði við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og undirstofnanir þess.

Á þinginu var hin þríþætta krísa loftslagsbreytinga, tapi á líffræðilegri fjölbreytni og mengun til umfjöllunar. Helstu áherslur íslenskra stjórnvalda í þinginu voru: stuðningur við alþjóðakerfið, virðing fyrir alþjóðalögum og var mikilvægi hlutverks Sameinuðu þjóðanna og UNEP áréttað. Samspil loftslagsmála, óstöðugleika og átaka, baráttu um auðlindir, fæðuöryggi og fólksflutningar. Áhersla var á lausnir og samræmd alþjóðleg viðbrögð. Hafið og heilbrigði hafsins, sjálfbærar fiskveiðar og vísindaleg stjórnun, sem og aðgerðir sem koma í veg fyrir plastmengun. Stuðningur er við alþjóðlega bindandi samning um plast þar sem tekið er á heildarlífsferli plasts og baráttan gegn örplasti sem er ógn við líf á norðurslóðum. Loks var lögð áhersla á réttlát umskipti, mannréttindi og jafnrétti.

Á þinginu voru lagðar fram 21 ályktun, af þeim voru 15 ræddar og 11 samþykktar, en sex dregnar til baka. Einnig var stefna stofnunarinnar til næstu ára til umfjöllunar, en fastafulltrúi tók ekki þátt í þeim samningaviðræðum og hefur takmörkuð tækifæri til að hafa áhrif þar sem vinna við undirbúning hennar fer fram allt árið um kring í Naíróbí.

Fastafulltrúi tók virkan þátt í umræðum um ályktun um djúpsávarvistkerfi, jökla og freðhvolf og um kóralrif. Líkt og í öðrum samningaviðræðum á vettvangi SP snérust viðræðurnar um orðalag og lagði fastafulltrúi áherslu á að það væri í samræmi við aðrar ályktanir sem hafa verið samþykktar og orðalag sem kemur í veg fyrir tvíverknað. Hann lagði einnig áherslu á stuðning við gerð alþjóðlegs plastsamnings, réttlát umskipti og orkuskipti, mannréttindi og jafnrétti. Þá var stuttlega farið yfir aðrar ályktanir sem voru samþykktar eða dregnar til baka á þinginu, sem sjá má í viðauka við fundargerðina.

Fram kom að erfiðlega gekk að ná saman um orðalag í ráðherraýfirlýsingu, sérstaklega það sem snýr að loftslagsbreytingum og fjármögnun aðgerða á því sviði og bar töluvert á milli áherslna þróunarríkjanna, sem vilja sterkt orðalag um sögulega ábyrgð framlagsríkja, fjármögnun, uppbyggingu á getu og þekkingu og að ábyrgð sé bæði sameiginleg en mismunandi ábyrgð (e. common but differentiated responsibilities), en framlagsríkin leggja áherslu á ábyrgð þróunarríkjanna, tímalínur og skýrt orðalag, og svo þriðji hópurinn, Bandaríkin, Kína og Indland, sem vilja sveigjanlegt orðalag með áherslu á fullveldi ríkja.

Fram kom að fulltrúar bandarískra stjórnvalda tóku ekki þátt í samningaviðræðum, en fulltrúi fastanefndar flutti ávarp í lok fundar þar sem hún gagnrýndi þingið fyrir að vera of pólitískt og skorta fókus.

Á þinginu var 7. vísindaskýrslan um ástand umhverfisins í heiminum (e. Global Environmental Outlook) kynnt, og því tengt, efndi utanríkisráðuneytið í samtarfi við Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands til málþings í febrúar sl. þar sem helstu niðurstöður hennar voru kynntar.

Fram kom að í ár verða haldnar ríkjaráðstefnur allra þriggja svokallaðra „Río-samninga“, sem samþykktir voru á umhverfis- og þróunarráðustefnu SP í Río de Janeiro 1992 (UN Conference

on Environment and Development). Til viðbótar við Loftslagssamninginn eru það samningur um líffræðilega fjölbreytni (UNCBD) og samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun (UNCCD).

17. ríkjaráðstefna Eyðimerkursamningsins verður haldin í Ulaanbaatar í Mongólíu 17.-28. ágúst nk. Utanríkisráðuneytið leiðir undirbúning fyrir hönd stjórnvalda með þátttöku umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis. Eyðimerkursamningurinn er ekki bindandi fyrir Ísland, þar sem hann tekur einkum til þurksvæða í Afríku, en mikil áhersla hefur verið á málefni landgræðslu í þróunarsamvinnu, m.a. í gegnum Landgræðsluskóla GRÓ. Málefnaáherslur eru í mótun en verða svipaðar þeim sem eru á öðrum ríkjaráðstefnum, mannréttindi, jafnrétti, málefni hafsins og sjálfbær nýting auðlinda.

17. ríkjaráðstefna samnings um líffræðilega fjölbreytni fer fram 19.-30. október í Yerevan í Armeníu. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið leiðir undirbúning málefnavinnu, með þátttöku utanríkisráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis. Áhersla þar verður svipuð auk þess sem til umfjöllunar verður mat á því hvort ríki séu á réttri leið með að vernda 30% land og hafsvæða fyrir árið 2030.

5. Umræður (10:31)

Spurt var hvort umhverfisáhrif stríðsreksturs hafi verið rædd á ríkjaráðstefnu og umhverfisþinginu og hver staðan sé á umræðu um nýtingu kjarnorku. Fram kom að umræða um umhverfisáhrif stríðsreksturs eigi sér vissulega stað, enda stafi mikil mengun frá stríðsrekstri. Hafi komið fram á nýlegum fundi með framkvæmdastjóra UNEP að á Gaza séu t.a.m. um 64 milljón tonn af rusli sem muni hafa mikil áhrif á endurreisn svæðisins og að dönsk stjórnvöld leggi í starfi sínu í Úkraínu áherslu á græna framtíð, hreinsun á rusli og jarðsprengjuleit. Ekki hafi verið mikil umræða um kjarnorku í umhverfismálum, meira í tengslum við orkumál og þá helst á vettvangi Alþjóðaorkumálastofnunarinnar (IEA) í París.

Ábending kom frá nefndarmanni um mögulega væri heppilegt að einstaklingur með sérþekkingu á umhverfis- og orkumálum hefði sæti í nefndinni þar sem þessi málefni væru mikilvæg innan þróunarsamvinnu.

Spurt var um verkefnið Sjálfbært Ísland, sem var á forsvari forsætisráðuneytisins undir fyrri ríkisstjórn, þar sem hnattræn ábyrgð og rýni í smitáhrif voru meðal lykiláherslna. Fram kom að verkefnið hafi legið í dvala frá ríkisstjórnarskiptum og væri á forsvari forsætisráðuneytisins.

6. Stuðningur utanríkisráðuneytisins við háskólasamfélagið (10:45)

Ósk Sturludóttir, sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu, kynnti því næst samstarf við fræðasamfélagið. Samstarf við fræðasamfélagið á sér langa sögu, en innri rýni var framkvæmd árið 2023 sem benti á ýmis tækifæri sem lögju í auknu samstarfi. Núverandi stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fer fram á aukið samstarf við fræðasamfélagið. Einnig var bent á það í jafningjarýni Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) sem fram fór haustið 2022, að efla mætti samstarf við fræðasamfélagið.

Fram kom að markviss samtöl við fræðasamfélagið hófust snemma árs 2024 þar sem farið var yfir áherslur innan alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands og tækifæri á samstarfi. Í kjölfar þeirra samtala var kallað eftir áhugayfirlýsingum þar sem háskólarnir kortlögðu snertifleti við þróunarsamvinnu og lögðu fram tillögur um verkefni og samstarf. Svör bárust frá Háskóla

Íslands (HÍ), Háskóla Reykjavíkur (HR), Háskóla Akureyrar (HA), Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) og Listaháskóla Íslands (LHÍ) og í kjölfarið var fundað með fulltrúum skólanna.

Gert var ráð fyrir að meginþungi samstarfsins myndi beinast að tvíhliða samstarfslöndum Íslands; Malaví, Síerra Leóne og Úganda án þess að útiloka stuðning við verkefni í öðrum löndum. Gerð var krafa um að stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands myndi liggja til grundvallar verkefnahugmyndum og miðað við að stærstur hluti verkefna byggðist á samstarfssamningum við háskóla í þróunarlöndum. Þá þyrftu framlög að vera rekjanleg í bókhaldskerfum og fara að reglum Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC).

Fram kom að gott væri að byggja á starfi GRÓ skólanna án tvíverknaðs og jafnframt auka breidd samstarfsins með auknu úrvali á fræðigreinum, s.s. á sviði verkfræði og hjúkrunarfræði. Ekki var talið tímabært að formgera samstarfið með rammamningum, heldur frekar horfa til samninga um einstök verkefni. Einnig kom fram öflugt samstarf væri við Norrænu Afríkustofnunina, sem er með aðsetur í Uppsala í Svíþjóð.

Gengið var til samninga við annars vegar Háskóla Íslands sem felst í styrk til doktorsnema í gegnum doktorssjóð HÍ, og gerð krafa um að rannsóknarvinnan sé framkvæmd í þróunarlandi. Samningurinn er til fimm ára. Fyrsta úthlutun styrksins var í maí 2025 en gert er ráð fyrir því að veita einn á ári og allt að tvo styrki samfleytt, en hver styrkur greiðir laun doktorsnema í þrjú ár. Er kostnaður hvers styrks áætlaður um sjö m.kr. á ári.

Samningur við HR felst í stuðningi við sérstakan sjóð sem settur var á fót hjá skólanum, þar sem áhersla er lögð á verkefni innan áherslusviða þróunarsamvinnu. Fyrsta úthlutun var í janúar 2026, til verkefnis sem ætlað er að vinna að umbótun og þróun á hugbúnaði sem mun styrkja getu héraðsyfirvalda til að veita þjónustu til borgara, m.a. með tilkynningagátt og því mikil samlegð með héraðsnálgun Íslands. Samningur við HR er einnig til fimm ára.

Loks kom fram að starfsfólk þróunarsamvinnuskrifstofu kynnir reglulega stefnu, áherslur og verkefni á námskeiðum hjá HÍ, t.a.m. á menntavísindasviði og heilbrigðissviði. Áhugi er á að efla þessa kynningarstarfsemi og eru samtöl í gangi um það við báða fyrrnefnda háskóla.

7. Umræður (10:58)

Í umræðum áréttuðu fundarmenn hversu mikilvægt væri að rækta samstarf við fræðasamfélagið. Kom fram að í gegn um árin hafi ýmis konar samstarf átt sér stað við fræðasamfélagið, væri t.a.m. Landgræðsluskóli GRÓ að vinna með LUANAR háskólanum í Lilongwe í Malaví og öflugt samstarf verið við að byggja upp fiskeldisdeild í háskólanum í samstarfi við Sjávarútvegsskóla GRÓ. Hefur Sjávarútvegsskóli GRÓ jafnframt unnið að uppbyggingu nokkurra háskóla víða sem sýni mikilvægi samstarfs við háskóla og fræðasamfélagið.

Spurt var hvort heppilegra væri að sameina samstarf utanríkisráðuneytisins á sviði þróunarsamvinnu við fræðasamfélagið á einum stað, t.d. undir hatti GRÓ—Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu og hvort að það myndi koma í veg fyrir samkeppni um fjármagn. Var því svarað á þá leið að samstarfsverkefni við háskólana tvo væri hugsað til að breikka samstarfið frekar en að fella það undir núverandi fyrirkomulag GRÓ. Mikilvægt sé að nýta samstarfið til að efla þekkingu á þróunarstarfi innanlands þar sem dregið hafi úr stuðningi við málaflokkinn undanfarin ár, ef marka má kannanir.

Þá var einnig minnst á þann möguleika að sækja styrki í Erasmus+ verkefnið sem komi oft til móts við almenna styrki. Einnig var nefndur möguleiki á að koma á fót starfsnámi þar sem einstaklingar fengju tækifæri til að starfa hjá félagasamtökum, bæði innanlands og erlendis, til að öðlast dýpri þekkingu á málaflokknum.

Einnig var spurt út í kröfur sem gerðar voru til styrkþega, og var því svarað á þá leið að styrkir væru ekki takmarkaðir við íslenska styrkþega, heldur að verkefnið sjálft og tengsl þess við þróunarsamvinnu og þróunarriki. Til dæmis gæti prófessor við háskóla sótt um styrk fyrir verkefni og auglýst eftir nema eftir að styrkur hefur verið samþykktur.

Spurt var hvernig tryggt væri að styrkurinn skilaði sér til þróunarlanda en ekki eingöngu til íslenska hagkerfisins. Var því svarað á þá leið að gerð væri krafa um að rannsóknarvinna færi fram í þróunarriki og í samstarfi við háskóla eða aðra samstarfsaðila á vettvangi. Hún nefndi jafnframt að það verkefni sem Háskólinn í Reykjavík styrkir sé unnið í samstarfi við Makerere háskólann í Úganda, þar sem vettvangsvinna er framkvæmd af úgönskum nemendum með leiðsögn frá Íslandi.

Í lok fundar upplýsti skrifstofustjóri ÞSS að þetta væri hennar síðasti fundur með nefndinni þar sem hún hyrfi til annarra starfa að loknu sumarleyfi og þakkaði fyrir samstarfið og þakkaði formaður fyrir gott samstarf. Þá upplýsti formaður um að stefnt væri að þremur fundum að loknum sumarleyfum og að dagsetningar verði ákvarðaðar með dagskrá þingsins í huga. Formaður kallaði loks eftir tillögum að fundarefnum til að setja á dagskrá funda haustsins.

Fundi slitið kl. 11:15

Viðauki

(7/1) Ályktun um kóralrif. Fókus á kóralrif sem grunnstoðir líffræðilegs fjölbreytileika og lífsviðurværis, og bent á margvíslega þætti sem hafa skaðleg áhrif á kóralrif, s.s. loftslagsbreytingar, súrnun sjávar, ósjálfbærar veiðar og mengun. Einnig er lögð áhersla á að fjármagna þurfi aðgerðir til að vernda kóralrif

(7/2) Ályktun um að efla sjálfbærar lausnir til að efla viðnámsþrótt jarðar með íþróttum. Íþróttaiðkun nýtt sem tæki til að styðja við sjálfbærni, hafa áhrif á hegðun, minnka umhverfisfótspor og styðja við umhverfismarkmið.

(7/3) Ályktun um að efla alþjóðlegt samstarf um umhverfismál stjórnum á steinefnum og málum. Fjallar um steinefni og málma sem grunnforsendu orkuskiptanna. Mikilvægt að náðist að afgreiða ályktunina. Staðfestir að þörf er fyrir mikið magn af málum og steinefnum fyrir orkuskiptin og áréttar hættu á mengun, tapi á líffræðilegri fjölbreytni og landeyðingu við námuvinnslu, auk félagslegra vandamála. Áhersla á að efla og styrkja alþjóðlegt samstarf. Náðist ekki samkomulag um alþjóðlegan samning eða áreiðanleikakannanir.

(7/4) Ályktun um aðgerðir til að styrkja alþjóðlegt viðbragð við miklum vexti þörungablóma (sargassum seaweed blooms). Fjallar um leiðir til að bregðast við svæðisbundnum umhverfisáföllum á hafi sem hafa samfélagsleg áhrif á ferðaþjónustu, sjávarútveg og heilsu fólks í strandbyggðum. Mikið vandamál við strendur Vestur-Afríku, á sunnanverðu Atlantshafi, Karíbahafi og í Mexíkóflóa. Alvarleg áhrif á Smáeypróunarríki.

(7/5) Ályktun um að efla samlegð, samráð og samstarf um innleiðingu á fjölþjóðlegum samningum í umhverfismálum. T.d. Ríó-samningana (CBD, UNCCD, UNFCCC) og samninga sem lúta að skaðlegum umhverfisáhrifum (Basel, Rotterdam, Stockholm). Of mikið um tvíverknað sem veikir innleiðinguna. Efla samhæfingu innanlands á milli ríkis og sveitarfélaga, felur UNEP að bæta upplegg fyrir landaskýrslugerð.

(7/6) Ályktun um að auka markvisst þátttöku ungmenna í umhverfisferlum og auka fræðslu um umhverfismál. Fjallar um þátttöku ungs fólks og umhverfismenntun sem lykil forsendum þess að hægt sé að bregðast við loftslagsbreytingum, tapi líffræðilegs fjölbreytileika og mengunar, eyðimerkurmyndunar, landhnignunar og þurrka. Hún hvetur aðildarríki til að tryggja raunhæfa þátttöku og samþætta umhverfislæsi í menntakerfum.

(7/7) Ályktun um að styrkja alþjóðlegt samstarf um aðgerðir gegn skógareldum. Hvernig á að takast á við skógarelda með samþættum og vísindamiðuðum aðferðum sem tengja saman loftslag, vistkerfi og náttúruhamfarir.

(7/8) Ályktun um skynsamlega meðhöndlun hættulegra efna og úrgangs með það að markmiði að draga úr mengun, áhættu fyrir heilbrigði fólks og dýra og valda umhverfisskaða og kallar eftir betri úrræðum við framkvæmd.

(7/9) Ályktun um umhverfislega sjálfbærni gervigreindarkerfa. Fjallar um umhverfisáhrif gervigreindar og tækifæri sem gervigreindin skapar við að vernda náttúruna. Felur UNEP að kanna ávinning, áhættu og áhrif þess að nýta gervigreind í starfi UNEP og fjölþjóðlegra umhverfissamninga.

(7/10) Ályktun um varðveislu jökla og freðhvolfa, sérstaklega í fjallendi. Miðar að því að vernda jökla, freðhvolfa og háfjallaumhverfi með því að styrkja hnattrænar aðgerðir á sviði loftslagsmála, vísinda og vistkerfisstjórnunar. Tengir jökla og tap á líffræðilegri fjölbreytni, eyðimerkurmyndun, hækkun sjávarborðs og áhættuminnkun vegna náttúruhamfara. Hvetur til aðgerða á landsvísu og felur UNEP að greina var vantar vísindalega þekkingu og stefnumótun

(7/11) Ályktun um umhverfisþætti sýklalyfjaónæmis.

Námuvinnsla í hafi – ályktun sem var dregin til baka. Mikill ágreiningur á milli ríkja sem styðja að varlega sé stigið til jarðar í námuvinnslu í hafi og þeirra sem vilja nýta auðlindina.

Ályktun um umhverfisglæpi – dregin til baka.